

Reykjavík 8. Ágúst 2023.

Erindi til skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Fyrirspurn um breytingu á gangstétt vegna bílastæða við Hofsvallagötu 57

Fyrirspurn okkar var tekin til umfjöllunar á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2023. Niðurstaðan var neikvæð. Við biðjum um að erindið verði tekið upp aftur, á næsta stigi stjórnkerfis borgarinnar. Ástæða þess er að við teljum að rökin fyrir neikvæðum undirtektum séu ekki byggð á staðreyndum. Einnig setjum við fram frekari rök fyrir breytingu á gangstétt.

Svar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2023 var:

“Á afstöðumynd frá árinu 1978 má sjá að gert hefur verið ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir framan bílskúr. Planíð fyrir framan bílskúrinn er nú stórt malar-plan en auk þess hefir verið útbúið eitt auka-bílastæði.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að óþörfu. Á lóðinni eru núþegar nægt pláss fyrir marga bíla, amk þrjá við gangstétt en fleiri ef þeim er lagt við bílskúr eins og gert er ráð fyrir á teikningum. Því er neikvætt tekið í erindið.”

Við teljum meinbug á þessari röksemdafærslu, og byggjum það á eftirfarandi.

1. Malarbílastæði fyrir framan bílskúr tilheyrir 1 hæð, skv. þinglýstum eignaskiptasamning fyrir Hofsvallagötu 57 (sjá meðfylgjandi). Við fluttum inn árið 2015 og höfum falast eftir því að kaupa rétt til að nýta hluta malarplansins sem bílastæði af eigendum 1 hæðar. Þrisvar sinnum hefur verið tekið neikvætt í þá beiðni, af núverandi og tveimur fyrrverandi eigendum (við fluttum inn 2015). Eins er aukastæðið fyrir framan húsið einkastæði kjallaraíbúðar samkvæmt hefð. Möguleikinn sem lýst er í svari skipulagsfulltrúa er því ekki raunverulegur.
2. Í svari borgar segir *“að reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að óþörfu”*. Við teljum að þessi rökstuðningur haldi ekki. Ef við hefðum afnot af malarstæði innan lóðar (sem stendur ekki til boða sbr 1.) myndum við keyra jafn oft yfir gangstétt, og ef við fengjum 2 stæði fyrir framan húsið.
3. Staðsetning húsin er þannig að óhentugt er að leggja í götunni fyrir framan húsið, um er að ræða leið strætisvagna og sjúkrabíla og fjölfarin gatnamót Neshaga og Hofsvallagötu innan fárra metra. Hefð hefur myndast fyrir því að leggja vestan megin götunnar þrátt fyrir hraða umferð. Ekki er raunhæft að setja hleðslustöð fyrir bíla handan götunnar, en rafhleðslustöð er aðalástæða umsóknarinnar. Í því samhengi nefnum við nýlegar fregnir um að borgin sé andsnúin því að setja auka staura á gangstéttir.
4. Við vísum til jafnræðis sjónarmiða. Bílastæði fyrir hús og íbúðir í sérbýli, í þessu hverfi eru almennt **innan lóðar**. Af sérbýlunum fjórum, sunnan Neshaga á Hofsvallagötu þar sem ekki er hægt að leggja bílum í götunni, eru öll húsin með aukastæði fyrir framan

húsin nema Hofsvallagata 57. Svo virðist sem að okkar íbúð sé eina íbúðin á þessum kafla sem ekki hefur aðgang að bílastæði.

5. Nú leggjum við á stæðum í landi borgarinnar. Í Aðalsskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 segir "Bílastæðum á landi borgarinnar verði markvisst fækkað á skipulagstímabilinu." Nú þurfum við íbúar 2 hæðar á Hofsvallagötu 57 að leggja bifreið okkar á stæðum fyrir framan byggingar Háskóla Íslands við Haga eða almenningsstæði við Vesturbæjarlaug. Með því að leyfa stæði við húsið, myndi álag minnka á þessi stæði.
6. Að síðustu, undanfarin 5 ár höfum við rekið rafbíl. Við höfum fylgst með þeirri uppbyggingu sem orkuskiptin kalla á í borginni. Við teljum að rafhleðsla við húsið, sem væri möguleg ef við fáum að setja stæði, styðji við orkuskiptin.

Við vonum að röksemdir þessar leiði til annarar niðurstöðu skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Með vinsemd og virðingu.

Arnar Pálsson og Sólveig Sif Halldórsdóttir.


Hofsvallagata 57



Reykjavík, 17. maí 2023

Varðar: Hofsvallagata 57 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2023 var lögð fram fyrirspurn Arnars Pálssonar, dags. 6. febrúar 2023, ásamt greinargerð, ódags., um að setja bílastæði fyrir framan húsið á lóð nr. 57 við Hofsvallagötu. Einnig eru lögð fram fylgiskjöl; yfirlitsmynd, ljósmynd, samþykki og tillaga að staðsetningu bílastæðis.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Hofsvallagata 57 borgarhluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB3 Hagar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. júní 1948 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið nr. 57 við Hofsvallagötu er steinsteypt príbýlishús, byggt árið 1950 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa nýjum bílastæðum fyrir framan hús, ljósblá á meðfylgjandi mynd.

Á afstöðumynd frá árinu 1978 má sjá að gert hefur verið ráð fyrir tveim bílastæðum fyrir framan bílskúr. Planið fyrir framan bílskúrinn er nú stórt malar-plan en auk þess hefur verið útbúið eitt auka-bílastæði.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að öpörfu. Á lóðinni eru núþegar nægt pláss fyrir marga bíla, a.m.k. þrjá við gangstétt en fleiri ef þeim er lagt við bílskúr, eins og gert er ráð fyrir á teikningum. Því er tekið neikvætt í erindið.



Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri

